

## Íslenska 3.bekkur

Hæfnisviðmiðum í íslensku er skipt í eftirtalda flokka, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

### Lestur og bókmenntir

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti lesið 140-160 atkvæði á mínútu að vori,
- auki lestrarfærni sína í að lesa upphátt og í hljóði,
- þjálfist í lesskilningi með því að tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,
- lesi sér til gagns og gamans með því að velja sér fjölbreytt lesefni við hæfi,
- geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, s.s. bókum og á rafrænu formi,
- auki orðaforða og nýti sér hann við að skilja texta og ráða í merkingu orða út frá samhengi,
- kynnist almennings bókasafni/skólasafni og þeim reglum sem þar eru í gildi
- kynnist rími, kvæðum og vísum,
- þekki hugtakið persóna og söguþráður og umhverfi og geti fundið þá þætti í lestexta/hlustun,
- kynnist þjóðsögum og ævintýrum úr heimabyggð.

### Talað mál, hlustun og áhorf

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi,
- fái tækifæri til að tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrri máli sínu,
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu,
- geti tjáð sig frammi fyrir öðrum og sagt frá eigin upplifunum,
- geti lesið upphátt fjölbreyttan texta,
- sé hvattur til að tala skýrt og greinilega,
- fái að hlusta á sögur, ljóð, leikrit og upplestur,
- endursegi efni sem hann hefur hlustað á eða lesið,
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng.

### Ritun

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð og skilaboð,
- geti lesið sögur sínar fyrir bekkjarfélagi,
- skrifi sögu sem hefur aðalpersónur, aukapersónur, söguvið og inniheldur a.m.k. einn atburð og endi,
- vinni með aðalpersónu, söguþráð og umhverfi á fjölbreyttan hátt,
- læri um uppbyggingu texta, s.s. upphaf, meginmál og niðurlag,
- geti nýtt sér fyrirmyndir í ritun, s.s. af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,

### Skólanámskrá – Námsvísir – Yngsta stig

- geti beitt einföldum stafsetningarreglum, s.s. reglum um tvöfaldan samhljóða, n/nn, stóran staf í sérnöfnum og í upphafi setninga,
- noti fjölbreyttan orðaforða í ritun,
- dragi rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
- noti hjálparlínur rétt,
- vandi vinnubrögð og frágang temji sér vandvirkni, þ.e. ydda vel blýantinn, hafa gott bil milli stafa/orða (noti vísifingur til að afmarka bil á milli orða).

### Málfræði

#### Hæfniviðmið

Að nemandi:

- þekki og geti fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,
- geti gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, sagnorða og lýsingarorða,
- geti leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,
- geti greint sérnöfn og m.a. bent á þau í eigin texta,
- geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,
- þekki hugtökin samheiti og andheiti,
- geti beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.

### Kennsluhættir

Nemendur fá tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt og beita því. Unnið er með fjölbreyttar kennsluaðferðir meðal annars einstaklingskennsla, beina kennsla, söguaðferðina, samvinnuaðferða, lausnarleitarnám, og fleira. Nemendur ræða saman og tjá sig í ræðu og riti og tjá skoðanir sínar og færa rök fyrir þeim og gera grein fyrir verkefnum sínum bæði sem einstaklingar og í hópi. Byggt er markvisst ofan á fyrri þekkingu. Samþætt er við aðrar námsgreinar.

### Námsmat

Námsmat þarf ætíð að vera í gangi og er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Námsmat er með fjölbreyttu sniði, nemandi þarf að geta lesið og skilið margvíslega texta. Notast er við hraðlestrarpróf og lesskilningspróf. Viðfangsefni sem eru metin eru fjölbreytt og taka til kunnáttu, færni, skilnings, getu til að greina, tengja ólíka þætti, vinnubragða. Notast er við ýmis skimunarpróf. Ferilmappa búin til.